17-04-006

# Samkomulag um lagnaleið

**Vegna lagningar 11 kV jarðstrengs í Kirkjubólshlíð, Skutulsfirði gera landeigandi/ábúandi jarðarinnar og Orkubú Vestfjarða ohf. með sér eftirfarandi samkomulag.**

1. Landeigandi/ábúandi heimilar Orkubúi Vestfjarða þær framkvæmdir sem honum hafa verið kynntar og fram koma á teikningu.
2. Lagnaleið. Sjá mynd hér að neðan.



3. Orkubú Vestfjarða skal hafa óhindraðan aðgang að jarðstrengjum og öðrum búnaði sínum vegna lagningar og viðhalds.
4. Landeigandi/ábúandi skuldbindur sig til að umgangast strenglögnina í framtíðinni á þann hátt að ekki stafi hætta af og leitist við að tryggja að ekki verði tjón á búnaði af völdum jarðvinnslu eða mannvirkjagerðar við strengstæði.
5. Orkubú Vestfjarða ábyrgist að jarðstrengurinn hafi verið lagður á réttan hátt og uppfylli allar opinberar kröfur sem gerðar eru til slíkrar framkvæmdar hvað varðar strengdýpt og frágang.
6. Orkubú Vestfjarða mun merkja legu jarðstrengs með þar til gerðum merkihælum, sem gefa til kynna með ótvíræðum hætti að um rafstrengslögn sé um að ræða. Merking verður gerð í samráði við landeiganda í unnu og viðkvæmu landi.
7. Orkubú Vestfjarða mun jafna allt jarðrask að loknum framkvæmdum og sá í gróðursár. Öll spjöll sem kunna að verða á ræktun, girðingum, skurðum við lagningu, eftirlit og viðhald jarðstrengsins og spennistöðvar verða lagfærð í samvinnu við landeiganda/ábúanda.

Staður og dagsetning: Ísafirði 19/6 '17

Fyrir svæðism. Ytri-Húsa
[signature] 040956-4419
f.h. landeiganda/ábúanda kt.

[signature]
f.h. Orkubús Vestfjarða ohf. kt. 310579-5999

Vottar að réttri dagsetningu og undirritun:

[signature]
Nafn kt.
Kt: 260948-3859

[signature] 061067-4267
Nafn kt.